

Aðgengi í byggingum fyrir almenning

Í 6. kafla byggingarreglugerðar 112/2012 (með áorðnum breytingum í júlí 2016) er fjallað mjög ítarlega um aðbúnað og fyrirkomulag bygginga sem almenningur á að hafa aðgang að. Er vísað til þess að byggingar **byggðar eftir að reglugerðin er sett** þurfi að uppfylla þessi skilyrði, en sé **eldri byggingum breytt í því augnamiði að nýta húsnæðið fyrir starfsemi sem almenningur hefur að gang að** þá skuli fara eftir megni að því sem fram kemur í kafla 6.

- Utan við aðalinngang skal vera pallur/flötur, minnst **1,80 m x 1,80 m** að stærð
- Útidyr og inngangsdyr í aðalumferðarleiðum skulu vera með sjálfvirkum opnunarbúnaði. Þar sem rofi er fyrir opnunarbúnað skal hann vera í u.þ.b. 1,0 m hæð. Sé um að ræða hurð á lömum skal rofinn vera staðsettur skráarmegin við dyr og skal fjarlægð rofa frá næsta innhorni eða kverk vera a.m.k. 0,50 m. *NB vert er að athuga hversu hratt hurð opnast og hve lengi hún er opin svo hægfara skjólstaðingar komist um dyr án vandræða*
- Þröskuldur við útidyr skal ekki vera hærri en 25 mm. Hæðarmunur milli svæðis framan við inngangsdyr og gólfs skal ekki vera meiri en 25 mm, að meðtaldri hæð á þröskuldi.
- Hindrunarlaus umferðarbreidd allra dýra innanhúss skal minnst vera 0,80 m og samsvarandi hæð minnst 2,00 m
- Handrið skal vera á öllum stigum, tröppum, pöllum og annars staðar þar sem hætta er á falli.*

Skábrautir fyrir hjólastóla skulu að jafnaði ekki vera brattari en 1:20 (5% halli). Ef umferðarleið er styttri en 3 m er þó heimilt að halli hennar sé mestur 1:12 (8.3% halli).

Að auki gildir eftirfarandi um skábrautir:

- Sléttur láréttur flötur **1,5 m x 1,5 m** að stærð skal vera við báða enda skábrautar.
- Þar sem jafnaður er hæðarmunur sem er meiri en 0,5 m skulu vera hvíldarpallar við a.m.k. hverja 0,60 m hækkun. Hvíldarpallur skal vera jafn breiður skábrautinni og a.m.k. 1,80 m að lengd.
- Ef nauðsynlegt er að breyta um stefnu í skábraut skal þar vera snúningsflötur með a.m.k. **1,80 m** þvermáli.
- Breidd skábrauta skal vera minnst 0,9 og ekki minni en 1,30 m á lengri leiðum mælt á milli handlista.
- Engar hindranir mega vera á skábrautum.
- Yfirborð skábrautar skal vera nægilega hrjúft til að það verði ekki hált í bleytu.
- Við hliðar skábrauta skal vera kantur (upphækkun) minnst 40 mm að hæð nema handrið sé þannig frágengið að hjólastóll geti ekki runnið út af skábrautinni.

Handrið skal vera beggja vegna við skábrautir með handlistum í 0,70 og 0,90 m hæð.

Ekki er þörf á handriðum á skábrautum sem jafna minni hæðarmun en 0,25 m og eru með minni halla en 1:20.

- Þar sem skábraut kemur að útidyrum skal vera sléttur láréttur flötur, a.m.k. **1,80 x 1,80 m** að stærð.
- Hæðarmismunur við skábrautir skal auðkenna fyrir sjónskerta og blinda.

Hönnun snyrtinga og baðherbergja er mikilvæg á starfsstöðvum sjúkraþjálfara.

- Baðaðstaða skal vera þrepa- og þröskuldalaus.

Stærð, grunnflötur og innrétting rýmis skal vera þannig að :

- hindrunarlaust snúningssvæði, **1,80 m** að þvermáli, sé framan við salerni
- hindrunarlaust svæði, minnst **0,90 m** breitt, beggja vegna salernis
- Armstoðir skulu vera **beggja vegna** salernis.
- Undir handlaug skal vera nægjanlegt hindrunarlaust svæði svo hægt sé að komast að handlauginni í hjólastól.
- Baðherbergishurð skal opnast út eða vera rennihurð.**